



Rödd íslenskra auglýsenda

Umsögn Samtaka auglýsenda (SAU)

um frumvarp til laga um breytingu á
útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993.


Sjónarmið stjórnar SAU í þessu máli eru skýr. Auglýsendur eru á móti of mikilli samþjöppun á fjölmiðlamarkaði þar sem hún hlýtur fyrr eða síðar að leiða til hærra verðs fyrir auglýsingapláss og eykur hættuna á krossniðurgreiðslum sem ógnar samkeppni á fjölmiðlamarkaðnum til lengri tíma litið. Stjórnin leggur sérstaka áherslu á að bann frumvarpsins við lárétta eignarhaldi á milli annars vegar prentmiðla og hins vegar ljósvakamiðla, nái fram að ganga.

Jafnframt er stjórn SAU hlynnt því að markaðsráðandi fyrirtæki í öðrum rekstri en fjölmiðlun eigi ekki hlut í fjölmiðlum en slíkt eignarhald getur leitt til þess að auglýsendum sé mismunað.

Að lokum hvetur stjórn SAU til þess að í lögum verði sett bann við að miðlar greiði þjónustulaun til birtingahúsa og deilda enda eru þau til þess fallin að ýtir undir samkeppni milli fjölmiðla um “viðskipti” birtingahúsa og deilda án tillits til hagsmuna auglýsenda.

Reykjavík 7. maí 2004

F.h. Stjórnar SAU


Sigurður Gunnlaugsson
gjaldkeri SAU

Samtök auglýsenda
Pósthólf 649
121 Reykjavík